

Alþingi  
Erindi nr. P 133/880  
komudagur 12.2.2007



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

31. janúar 2007

**Umsögn Hafnarfjarðarhafnar um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.**

1. gr. Ekki athugasemdir.
2. gr. Ekki athugasemdir.
3. gr.
  - a) Almennt er greinin of nákvæm og þröng í skilgreiningum á því hvaða tekjustofna höfnum er heimilt að nota. Þessar þröngu skilgreiningar hefta nýsköpun og hugmyndaauðgi hafnarstjórnenda og seinka allri rekstrarþróun hjá höfnunum. Nægir að minna á að 10 til 15 árum eftir að farþegaflutningar um hafnir hófust varð heimilt að rukka farþega gjald. Þjónustugjöld ætti alls ekki að tíunda í hafnalögum.
  - b) Umsýslugjald verði ófrávikjanlegur hluti einstakra tekjuliða án sérstakrar skilgreiningar.
  - c) Sleppa síðustu málsgreininni um að notendur geti krafist hafnarstjórnir upplýsinga um kostnað og svo framvegis. Búast má við því að einstakir viðskiptavinir geti haldið höfnum uppteknum við að framvísa útreikningum í tíma og ótíma, ef þeir eru þannig stemmdir. Til þess eru samkeppnisyfirvöld að hafa eftirlit með því að ekki sé svindlað á viðskiptavinunum, samanber texta í "Athugasemdum við lagafrumvarp þetta".
  - d) Bæta inn aftur síðustu málsgrein gildandi laga um heimild til að gera langtímasamninga við viðskiptavini hafnanna, án takmarkana.
4. gr. Ekki athugasemdir.
5. gr. Ekki athugasemdir.
6. gr. Ekki athugasemdir.
7. gr. Ekki athugasemdir.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru ágætar, svo langt sem þær ná. Enn er minnt á að einn tilgangur hafnalaganna 2003 var að setja hafnirnar í samkeppnisumhverfi og hvetja hafnir til hugmyndaauðgi og nýsköpunar. Þess vegna má ekki með hinni hendinni kæfa þessa viðleitni í fæðingu, með allt of stífum skilgreiningum, meðal annars um tekjustofna hafnanna.

Að lokum er rétt að benda á að lögveð það sem kveðið er á um í lögnum skilar sér illa til hafnanna. Oftar en ekki eru aðrar kröfur í skipin réttþærri lögveðskröfunum, svo ekkert fæst upp í þær við nauðungaruppboð.

Hafnarfjarðarhöfn leggur áherslu á að löggjafinn tryggji að hafnir sitji við sama borð varðandi rekstur hafnanna, burtséð frá rekstrarformi, þegar lög og reglur um hafnamál eru sett.

Virðingarfyllst, f.h. Hafnarfjarðarhafnar

